

STJÓRNARTÍÐINDI C 1986

28. janúar 1986

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um niðurfellingu samnings um FINEFTA.

Með ákvörðun ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu nr. 7/1985 dags. 4. nóvember 1985 var Finnlandi heimilað að gerast aðili að samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Í samræmi við ákvörðunina var aðildarskjal Finnlands afhent sænska utanríkisráðuneytinu 23. desember 1985 og öðlaðist aðild gildi 1. janúar 1986. Frá sama tíma féll úr gildi samkomulag frá 27. mars 1961 um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. janúar 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

28. janúar 1986

Nr. 2

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra.

Hinn 3. janúar 1986 var tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi um breytingu á samningi frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um gildi samningsins um breytinguna fyrir skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og um stöðu hinna ráðna í sambandi við afturhvarf til starfa í heimalandi sínu, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 25/1973 og 1/1974. Samningurinn um breytinguna var undirritaður ásamt viðbótarbókuninni í Osló 22. nóvember 1984. Samningurinn og viðbótarbókunin öðluðust gildi 27. janúar 1986.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og viðbótarbókunin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. janúar 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

C 1

Fylgiskjal 1.**SAMNINGUR****um breytingu á samningi frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar
Norðurlanda og réttarstöðu þeirra.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að breyta samningnum frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

11. grein samningsins hljóði svo:

„Sérhver samningsaðili skuldbindur sig til að veita fastráðnum ríkisstarfsmanni, sem á að gegna tímabundnu starfi hjá skrifstofunum, leyfi frá störfum þann tíma sem ráðningin stendur, og að reikna starfstímann þar eins og starf innt af hendi í heimalandinu.“

2. gr.

Frumeintak þessa samnings skal afhent norska utanríkisráðuneytinu til vörslu, en það mun senda hverjum samningsaðila staðfest afrit.

3. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann dag, sem allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að samningurinn taki gildi, hafi verið gerðar.

Vörsluaðilinn skal tilkynna öllum samningsaðilum hvenær hann tekur við þessum tilkynningum. Samningur þessi skal vera í gildi svo lengi sem samningurinn frá 12. apríl 1973 er í gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Osló 22. nóvember 1984 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fylgiskjal 2.**VIÐBÓTARBÓKUN**

**við samning um breytingu á samningi
um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda
og réttarstöðu þeirra, um gildi samningsins
um breytinguna fyrir skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs
og um stöðu hinna ráðnu í sambandi við afturhvarf
til starfa í heimalandi sínu.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem með viðbótarbókun frá 15. maí 1973 við samning aðilanna frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra létu samninginn öðlast gildi fyrir skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs,

sem í dag hafa gert með sér samning um breytingu á samningnum frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Hið breytta ákvæði í 11. grein samningsins frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra gildir á sama hátt fyrir skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs.

2. gr.

Með „tímabundnu starfi“ í 11. grein er átt við ráðningartíma sem ekki fer fram úr átta árum.

3. gr.

Ennfremur eru samningsaðilar sammála um eftirfarandi:

Samningsaðilar munu í sambandi við mat á starfstíma í ríkisþjónustu telja með ráðningartíma á skrifstofunum og meta það sem sérstaka starfshæfni, þannig að löndin geti nýtt sér til hins ítrasta þá innsýn í og reynslu af norrænni samvinnu, sem starfsmennirnir öðlast við að gegna störfum hjá skrifstofunum.

Samningsaðilar eru sammála um að mæla með því við aðra vinnuveitendur að þeir veiti starfsmönnum leyfi til að starfa við skrifstofurnar með sömu kjörum og ríkisstarfsmenn í samræmi við réttarstöðusamninginn.

Samningsaðilar munu veita þeim starfsmönnum, sem lokið hafa starfi hjá norrænni skrifstofu, aðstoð, innan gildandi lagareglna og stjórnvaldsákvæða, við að fá starf hjá ríkinu eða öðrum aðilum í heimalandi sínu.

4. gr.

Þessi viðbótarbókun tekur gildi sama dag og samningurinn um breytingu á samningnum frá 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra tekur gildi.

5. gr.

Frumeintak þessarar viðbótarbókunar skal afhent norska utanríkisráðuneytinu til vörslu, en það mun senda hverjum samningsaðila staðfest afrit.

6. gr.

Þessari viðbótarbókun má segja upp í samræmi við 16. grein samningsins um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra. Ef samningnum er sagt upp fellur þessi viðbótarbókun sjálfkrafa úr gildi um leið og hann.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað þessa bókun.

Gjört í Osló 22. nóvember 1984 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

AUGLÝSING

um Evrópusamning um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnukappleikjum.

Fullgildingarskjal Íslands vegna Evrópusamnings um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnukappleikjum, sem gerður var í Strassborg 19. ágúst 1985, var afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins 23. janúar 1986. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. mars 1986.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. janúar 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.